

**Viðskiptaráðuneytið  
b/t Jóns Ögmundar Þormóðssonar, skrifstofustjóra  
Arnarhvoli  
150 Reykjavík**



Reykjavík, 7. mars 2006.

**Efni: Erindi vegna breytinga á 31. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995**

Viðskiptaráð þakkar ráðuneytinu fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint erindi þar sem farið er fram á breytingu á 31. gr. laga um hlutafélög.

Í erindinu er lagt til að félögum sem skráð eru í kauphöll verði gert kleift að ákvarða að réttindi til arðs miðist við annað tímamark en útborgun arðs. Ráðið telur að ástæðulaust sé fyrir löggjafann að ákveða fyrir félög við hvaða tímamark arðgreiðslur eru miðaðar. Ekki verður séð að nokkur rök mæli gegn því að félögum verði gefið frelsi til að ákveða þetta á hluthafafundi sínum.

**Viðskiptaráð leggur því til að ráðherra verði við erindinu og leggi fram frumvarp um ofangreint efni.**

Virðingarfyllt,  
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,

---

Davíð Þorláksson